



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

27. september 2005

Ákvörðun nr. 7/2005

Samruni Landsbanka Íslands hf. og hluta Burðaráss hf. og Straums fjárfestingarbanka hf. og hluta Burðaráss hf.

1.

Með bréfi Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., dags. 11. ágúst 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Straums fjárfestingarbanka hf. og hluta Burðaráss hf. Með bréfi sama lögmanns dags. 15. ágúst 2005 var síðan tilkynnt um samruna Landsbanka Íslands hf. og hluta Burðaráss hf. Bréfunum fylgdu samrunaskýrslur, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna.¹ Samrunaskránum fylgdu ýmis skjöl, þar á meðal Skiptingar- og samrunaáætlun Burðaráss hf., Straums fjárfestingarbanka hf. og Landsbanka Íslands hf. dags. 1. ágúst 2005. Rekstrartekjur Burðaráss hf. af fjárfestingarstarfsemi árið 2004 voru 8.871 milljónir króna. Hreinar rekstrartekjur Landsbanka Íslands hf. árið 2004 voru 33.599 milljónir króna og hreinar rekstrartekjur Straums fjárfestingabanka hf. árið 2004 voru 8.315 milljónir króna. Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að samningurinn feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og falla samrunarnir undir samrunaæftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunum kemur fram að öll þrjú félögin séu skráð almenningshlutafélög í Kauphöll Íslands. Fram kemur að Burðarás hf. sé fjárfestingarfélag sem í fjárfestingastefnu sinni leggi áherslu á verkefni þar sem félagið sé leiðandi fjárfestir og taki stjórnunarlega ábyrgð. Jafnframt fjárfesti félagið til skemmri tíma til að nýta tækifæri á verðbréfamarkaði. Burðarás fjárfesti í hlutabréfum skráðra og óskráðra fyrirtækja, einkum fyrirtækja á sviði fjármálaþjónustu, fjarskiptatækni og í tæknifyrirtækjum.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Markmið félagsins, svo sem því sé lýst í samþykktum þess, sé að auka verðmæti eignarhluta hluthafa þess með því að fjárfesta í og reka í gegnum dóttur- og hlutdeildarfélag atvinnustarfsemi hérlendis og erlendis, einkum á sviði flutninga, sjávarútvegs og fjárfestingarstarfsemi.

Í tilkynningunni 11. ágúst 2005 kemur fram að Straumur fjárfestingarbanki hf. sé fjármálafyrirtæki sem sé starfrækt á grundvelli starfsleyfis sem fjárfestingarbanki skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsemi Straums fjárfestingarbanka hf. skiptist í sjö svið: 1. Áhættu- og fjárstýringu, 2. Markaðsviðskipti, 3. Fyrirtækjasvið, 4. Lánasvið, 5. Lögfræðisvið, 6. Rekstrarsvið, 7. Fjármálasvið.

Í tilkynningunni frá 15. ágúst 2005 kemur fram að Landsbanki Íslands hf. starfi skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélag. Auk þess gildi ýmis önnur lög um starfsemi bankans s.s. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lög nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti. Þá kemur fram að í 3. gr. samþykka bankans sé tilgangur hans sagður vera að starfrækja viðskiptabanka er hafi á hendi hvers konar starfsemi sem heimil sé skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt tilkynningu Straums fjárfestingarbanka hf. til Kauphallar Íslands þann 2. ágúst 2005 sem fylgdi með samrunaskránni er markmið kaupanna það að mynda stærra og öflugra fjármálafyrirtæki, sem er betur í stakk búið til að takast á við breyttar aðstæður í banka- og fjárfestingarstarfsemi hér á landi og stærri verkefni á alþjóðavettvangi. Markmið Burðaráss hf. með skiptingu félagsins og samruna þess við tvö önnur félag sé einkum að gefa hluthöfum þess kost á að eignast hluti í tveimur öflugum fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt tilkynningu Landsbanka Íslands hf. til Kauphallar Íslands sem fylgdi með samrunaskránni er markmið kaupanna það að mynda stærra og öflugra fjármálafyrirtæki, sem er betur í stakk búið til að takast á við breyttar aðstæður í banka- og fjárfestingarstarfsemi hér á landi og stærri verkefni á alþjóðavettvangi. Markmið Burðaráss með skiptingu félagsins og samruna þess við tvö önnur félag sé einkum að gefa hluthöfum þess kost á að eignast hluti í tveimur öflugum fjármálafyrirtækjum.

3.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að skipting Burðaráss hf. og samruni við Landsbanka Íslands hf. annarsvegar og Straum fjárfestingarbanka hf. hinsvegar muni auka efnahagslegan styrk hinna síðargreindu félaga verulega eftir samruna. Ekki fæst séð að samrunarnir muni hafa samkeppnishamlandi eða samkeppnisraskandi áhrif á



viðkomandi mörkuðum. [...] ² Ekki hafa komið fram önnur atriði sem benda til þess að samrunarnir geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Landsbanka Íslands hf. og hluta Burðaráss hf. og Straums fjárfestingarbanka hf. og hluta Burðaráss hf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið,

Friðrik Már Baldursson settur forstjóri

Stefán Geir Þórisson hrl.

² Fellt út vegna trúnaðar.